



MENNTASKÓLINN  
VIÐ SUND

# **Skil á milli skólastiga**

**skýrsla unnin fyrir Menntaskólann við Sund**

**veturinn 2007-2008**

**Höfundar:**

**Jóhann G. Thorarensen**

**Leifur Ingi Vilmundarson**

**Hannes Hilmarsson**

## Inngangur

Tilgangur þessarar skýrslu var að kortleggja skil á milli skólastiga og þær breytingar sem hafa orðið þar á. Til að fá sem gleggsta mynd af því voru skoðaðar þær helstu breytingar sem hafa orðið á skólafarfi, hvaða breytingar og tilraunir hafa verið gerðar um skil á milli skólastiga, hvað talið er æskilegt að sé til staðar til að þessi skil verði sem greiðust og að síðustu hugleiðingar um hvaða leiðir hægt sé að fara til að bæði neðri skil (grunn- framhaldsskóli) og efri skil (framhalds- háskóli) séu sem eðlilegust og áttakaminnst. Það liggur jú til grundvallar fyrirbyggjandi drögum á breytingum á grunn- og framhaldsskólum að þessi skil verði án gjáa og að öll skólastigin virki í eðlilegu flæði sem eitt stórt skólastig.

Ákveðið var í upphafi að sá hópur sem ynni skýrsluna kæmi úr sem flestum greinum. Skipan hópsins var sem hér segir:

Jóhann G. Thorarensen, enskukennari með reynslu af grunn- og framhaldsskóla.

Leifur Ingi Vilmundarson, félagsfræðikennari með reynslu af grunn- og framhaldsskóla.

Hannes Hilmarsson, stærðfræðikennari og námsráðgjafi með þekkingu af grunn-, framhalds- og háskóla.

Talið var nauðsynlegt að hafa í hópnum einstakling með þekkingu á námsráðgjöf þar sem stuðningur kemur að öllum líkindum til með að aukast í framtíðinni, eins og hann hefur reyndar gert nú þegar.

Það sem helst hamlaði vinnu þessarar skýrslu var að svör bárust í ýmsum tilfellum seint og illa og í einstaka tilfellum alls ekki, tímaramminn var afar þröngur, skýrslur og rannsóknir oft á tíðum það gamlar að þær nýttust ekki nema að takmörkuðu leyti og eins að ýmsar opinberar upplýsingar reyndust illfáanlegar þar sem þeim virðist illa vera haldið til haga eða ekki svara kostnaði, af eftirlitsaðila, að afla þeirra fyrir litla rannsókn sem þessa.

## **Almennar breytingar á íslensku skólasterfi**

Hér verða raktar helstu breytingar á íslensku skólakerfi síðustu áratuginna til að fá smá mynd af því hvað hefur breyst í námsumhverfi nemenda og skólanna. Einungis er stiklað á stóru en mögulegar afleiðingar fyrir framhaldsskólann í heild sinni og svo breytingar á skilum á milli skólastiga eru rædd í framhaldi af því.

### **Grunnskólinn**

Lenging skólaskyldu. Kom endanlega til framkvæmda með lögum frá 1974. Átti að taka gildi að fullu 1984 en var frestað og tók gildi 1985.

Grunnskólinn fer úr tví- og þrísetnum skóla í einsetinn. Lengri skóladagur, meiri kennsla á hvern nemanda.

Aukið val í efstu bekkjum grunnskólans.

Skólaárið lengist til að koma inn auknum tíma í vettvangsferðir. Fé fylgir ekki með og verður því meira bóknám. Menntamálaráðherra kynnir þetta seinna sem leið til að stytta framhaldsskólann þar sem lengingin í heild samsvarar einu námsári.

Skóli án aðgreiningar. Allir eiga að fá stað í sínum hverfissskóla. Draga á úr sérdeildum og sérskólum en auka stuðning inn í skólana. Stuðning vantar enn inn í skólana og skortur er á fagmenntuðum kennurum.

Mismunandi hugmyndir hafa verið uppi um, eins og komið hefur fram í greinaskrifum í dagblöðum síðustu mánuði, hvort nemendur með fötlun eigi að vera með ófötluum þar sem sérhæfður stuðningur er meiri í sérskólum og/eða sérdeildum auk þess sem auðveldara er að manna þessa skóla/deildir ef um fulla stöðu er að ræða. Eins hafa erlendar og innlendar rannsóknir bent til þess að fötluum börnum vegni oft betur bæði félagslega og sérstaklega námslega ef þau eru í sérskólum/deildum. Ein leið sem aðeins hefur verið prófuð en gefist vel er að fatlaður nemandi er hluta í sérdeild en kemur inn einstaka dag (t.d. einu sinni í viku) í hverfissskólann sinn.

Einstaklingsmiðað nám. Mismunandi hugmyndir hafa verið uppi um hvað þetta í raun er, hvort átt sé við einstaklingsnámskrá eða námskrá fyrir hóp nemenda á svipuðu námsstigi.

Getuskiptir bekkir reknir í sumum skólum undir öðrum formerkjum en áður var. Gengur að því er virðist oftast vel. Nemendur fá nám meir við sitt hæfi. Í raun má segja að þetta sé ekki ólíkt því að reka efstu bekki grunnskólans sem einkonar mynd af áfangakerfi.

Eins hefur nokkuð verið gert af því að kenna á mismunandi hátt í sama bekk. Hópnun til dæmis skipt upp eftir getu innan sömu stofu í sama tíma.

Meira námsefni fært úr framhaldsskólum niður í grunnskóla og jafnvel nám fært niður á milli stiga innan grunnskólans.

Framhaldsskólaáfangar teknir á grunnskólastigi. Alveg háð samkomulagi milli viðkomandi grunn- og framhaldsskóla lengi vel. Helsti formlegi samningur sem til er um þetta er samningur Reykjavíkurborgar og Fjölbrautarskólans við Ármúla. Nýtist helst þeim sem fara í fjölbrautarkerfi. Þeir sem fara í bekkjarkerfi fá eyðu í stundatöflunni sinni.

Nemendur úr 9. bekk teknir inn í 2 framhaldsskóla ef þeir hafa klárað grunnskólann. Skiptar skoðanir helst um félagslega stöðu þeirra.

Fjöldi greininga með nemendum eykst (dyslexía, seinlæsi, athyglisbrestur, ofvirkni, Tourette heilkenni, Downs heilkenni, Asperger auk geðraskana) en þó hægar en í grunnskólunum.

Krafan um fljótandi skil á milli skólastigi er orðin mikil og er þetta nokkuð áberandi í breytingum á lögum um grunn- og framhaldsskólann án þess að kveðið sé á um hvernig staðið skuli að málum (ein af 20 tilvonandi reglugerðum?)

## **Framhaldsskólinn**

Upprunalega beint framhald af grunnskólanum þar sem ríkti bekkjarkerfi eins og í grunnskólanum. Fáir skólar og tiltölulega einhæft námsframboð enda tiltölulega einsleitur skóli. Má kannski segja að framhaldsskólar þess tíma hafi verið elítuskólar. Nemendur að öðlast rétt til háskólanáms.

Iðnám kemur inn og er kennt á tveimur stöðum á landinu í samanlagt tveimur skólum (Iðnskólanum í Reykjavík og Iðnskólanum á Akureyri).

Verzlunarskólinn stofnaður til að kenna verslun og viðskipti.

Með tilkomu fjölbrautarkerfisins eykst námsframboð og námsleiðir auk þess að vera hagkvæmara rekstrarform. Hægt að reka stærri og fjölbreyttari skóla.

Iðnskólarnir verða æ meir hluti af fjölbrautarskólunum og þeir sem ekki blandast við þá taka upp meira bóklegt við verknámið. Möguleiki til stúdentsprófs kominn inn í alla skóla.

Framhaldskólarnir verða hverfis-skólar.

Framhaldsskólarnir hætta að vera hverfis-skólar. Samkeppni um nemendur verður verulegur hluti af rekstri framhaldsskólans.

Kröfur og umræða menntamálaráðuneytis færast æ meir í því átt að líta á áfangakerfið sem aðalakerfi. Sumir bekkjarskólanna taka upp fjölbrautarkerfi eða blöndu af hvoru tveggja. Sumir stefna í þá átt.

Sjálfræðisaldur hækkaður í 18 ár. Foreldrar komnir inn í framhaldsskólana og samskipti þar á milli aukast að einhverju leyti.

Öllum nemendum tryggð með lögum innganga í framhaldsskóla hvort sem þeir standast inntökuskilyrði eða ekki. Almennar brautir og/eða 0 áfangar notaðir til að styrkja undirstöðuna.

Fjöldi greininga með nemendum eykst (dyslexía, seinlæsi, athyglisbrestur, ofvirkni, Tourette heilkenni, Downs heilkenni, Asperger auk geðraskana) en þó hægar en í grunnskólunum.

Tillögur til breytinga á lögum um framhaldsskóla þar sem ríkið tekur á sig fræðsluskyldu til 18 ára aldurs. Nemendur eiga því rétt á að sitja í skóla fram að þeim tíma hvort sem þeir standast námskröfur eður ei.

Með þessum sömu lögum er framhaldsskólum gert kleift að hanna námsframboð eftir eigin höfði svo lengi sem gildi stúdentsprófsins rýrist ekki. Framhaldsskólinn í raun færður enn nær markaðslögmálum.

## **Háskólinn**

Er fyrst embættismannaskóli.

Fræðilegt nám eykst.

Ýmsar starfsbrautir aukast.

Minni og styttri starfsbrautir taka að myndast á síðustu tveimur áratugum 20. aldar.

Á sínum tíma beint framhald af menntaskóla og þar sem ekki eru margir nemendur er í raun um hefðbundið bekkjarkerfi að ræða.

Aðsókn eykst hratt, kröfur frá samfélaginu um fjölbreyttari menntun eykst, háskólinn breytist í áfangakerfi þar sem nemendur velja sér áfanga að hluta. Nokkur hluti enn skylda.

Háskólum fjölgar og framboð á námi eykst. Spurning um inntak. Meiri tengsl háskóla og atvinnulífs á vissum sviðum. Þó eykst fræða- og rannsóknasvið háskóla að sama skapi.

Gróft á litið má líta á Háskóla Íslands sem fræðilegastan háskólanna. Hann hefur reyndar líka lengsta sögu og hefur byggst upp á löngum tíma.

Háskólinn í Reykjavík byggist upp á sínum tíma sem beint framhald af Verzlunarskóla Íslands enda einn ötulasti talsmaður hans Þorvarður Elíasson, fyrrverandi rektor VÍ. Háskólinn í Reykjavík er skóli sem einbeitir sér að meiri tengslum við atvinnulífið heldur en Háskóli Íslands og er þess vegna ekki rekinn af sömu hugmyndafræði. Þrátt fyrir að sömu eða sams konar brautir sé að finna í báðum skólum þá eru þær hugsaðar á öðrum forsendum oft á tíðum. HR er til dæmis með meira af einingabæru starfstengdu námi. Háskólinn í Reykjavík er einnig rekinn sem einkaskóli með tiltölulega háum skólagjöldum í skólann.

Inntökupróf í læknisfræði tekið upp í stað síu í áfanga.

Athugun hafin á möguleika á fjarnámi í Háskóla Íslands í formi MOODLE umhverfis og notkun „sýndarveruleika“ í kennslu á háskólastigi.

## **Niðurstöður**

1. Miklar breytingar á síðustu tveimur áratugum á öllum skólastigum.
2. Mikil áhersla á nám við hæfi allra og að skólarnir færi sig nær nemendum, þ.e.a.s. líti á sig sem þjónustustofnanir sem nálgast viðskiptavininn.
3. Aukið framboð á námi almennt og þ.a.l. aukið val nemenda sem og aukin ábyrgð á eigin námi.
4. Með auknu námsframboði virðist skólakerfið færast meir yfir í áfangakerfi frekar en bekkjarkerfi, hugsanlega vegna aukinnar hagræðingar.



## Úr grunnskóla í framhaldsskóla

Þessi hluti skýrslunnar skiptist í tvo þætti. Fyrst er skoðað hvað hefur verið gert í grunnskólunum til að gera þessi skil auðveldari og síðan skoðað hvað hefur verið gert innan framhaldskólans.

Rætt var við fjölmarga skóla og aflað upplýsinga um ýmsar nýjungar og verklag í tengslum við mat á námi grunnskólanemenda inn í námsskrá framhaldsskóla. Meginviðfangsefnin voru tvö. í fyrsta lagi að afla tölfræðilegra upplýsinga um það hve margir grunnskólanemendur eru að stunda nám á framhaldsskólastigi og hvert þeir nemendur fara að loknu grunnskólaprófi. Í öðru lagi að kanna hvernig til hafi tekist með tilraunaverkefni þar sem 9. bekkur grunnskóla hefur verið tekinn beint upp í framhaldsskóla og í raun flýtt um eitt ár.

Upplýsingarnar í þessari samantekt byggjast eingöngu á óformlegum viðtölum og fyrirspurnum og eru því aðeins ætlaðar til að gefa vísbendingu varðandi þau veigamiklu atriði sem verið er að kanna. Í ljós hefur komið að afar erfitt er að henda reiður á nákvæmum tölum tengdum námi grunnskólanema á framhaldsskólastigi. Menntamálaráðuneytið hefur eitt aðgang að miðlægum gagnagrunni og er ekki auðfengið til að veita aðgang af þeim upplýsingum.

Þeir skólar sem leitað var til voru eftirfarandi:

*Borgarholtsskóli (Hrönn Hilmarsdóttir, áfangastjóri)*

*Fjölbrautaskólinn í Garðabæ (Elísabet Siemsen, áfangastjóri)*

*Fjölbrautaskólinn í Breiðholti (Stefán Andrússon, áfangastjóri)*

*Fjölbrautaskólinn við Ármúla (Steinunn H. Hafstað, fjarnámsstjóri)*

*Flensborgarskólinn (Torfi Kristinsson, áfangastjóri)*

*Foldaskóli (Kristinn Guðmundsson Breiðfjörð, skólastjóri; Kristrún Guðjónsdóttir, deildarstjóri unglíngastígs; Hafdís Sigurgeirsdóttir, deildarstjóri sérkennslu og Kristín Helgadóttir, námsráðgjafi)*

*Garðaskóli (Þröstur Árnason, skólastjóri)*

*Menntaskólinn á Akureyri (Alma Oddgeirsdóttir, brautarstjóri)*

*Menntaskólinn í Kópavogi (Steinunn I. Óttarsdóttir, áfangastjóri)*

*Menntaskólinn í Reykjavík (Ólöf Erna Leifsdóttir, kennslustjóri)*

*Menntaskólinn við Hamrahlíð (Kristín Guðmundsdóttir, áfangastjóri)*



*Verzlunarskólinn (Klara Hjálmtýsdóttir, áfangastjóri)*

*Vogaskóli (Jónína Emilsdóttir, skólastjóri)*

*Einnig var leitað til Menntamálaráðuneytisins (Sigurður Davíðsson og Sigríður L. Ásbergisdóttir)*

## **Framhaldsskólaáfangar grunnskólanemenda**

Þegar spurt er hve margir grunnskólanemendur séu að stunda nám á framhaldsskólastigi liggur beinast við að leita til Menntamálaráðuneytisins. Haft var samband við ráðuneytið en fengust í raun takmörkuð svör. Formlegar tölur voru ekki í boði en um síðir fengust tölur sem ráðuneytið hefur stuðst við síðustu misseri (sbr. Sigurð Davíðsson). Samkvæmt þeim tölum hefur fjöldi grunnskólanemenda sem stunda nám á framhaldsskólastigi verið að aukast síðustu ár, frá 1.089 árið 2006 upp í 1.189 árið 2007. Þetta er verulegur fjöldi í ljósi þess að meðalárgangur síðustu ára hefur verið í kringum 4.300 nemendur, má því ætla að um 12-25% nemenda í efstu bekkjum grunnskóla séu að stunda nám á framhaldsskólastigi nú þegar og mun það hlutfall að öllum líkindum fara vaxandi. Sérstaklega má benda á að nú þegar virðist orðið nokkuð algengt að nemendur í 9. bekk séu að ljúka framhaldsskólaeiningum og bestu nemendur í 10. bekk þess vegna langt komnir með að ljúka 1. ári á framhaldsskólastigi.

Það sem hefur átt sér stað um nokkra hríð er að grunnskólar og framhaldsskólar hafa átt með sér óformlegt samkomulag um nám nemenda á framhaldsskólastigi. Þetta nám hefur verið reiknað sem hluti af grunnskólanámi nemenda en bókakostnaður greiddur af þeim. Oftast hefur verið um einstaka nemendur að ræða, þó þetta sé nokkuð stór hópur þegar á heildina er litið, en ekki hefur verið gert sérstaklega út á þessa nemendur utan einn skóli. Í Garðaskóla er í gangi hálfgerð fjölbrautakerfi í efstu bekkjunum og ljúka um hundrað nemendur verulegu magni framhaldsskólaeininga áður en að grunnskóla sem slíkum líkur. Má því í raun segja að þar sé um að ræða dæmi þar sem grunnskólinn og framhaldsskólinn renni saman.

Mikil tímamót áttu sér síðan stað í haust þegar FÁ gerði samning við borgina um fjarnám handa nemendum á grunnskólastigi, þeim að kostnaðarlausu (í takt við frumvörpin sem nú liggja fyrir alþingi). Sá samningur felur í sér (sbr. Steinunn) að borgin tekur í raun á sig óbeinan kostnað af náminu í stað þess að grunnskólarnir þurfi að borga fyrir hvern nemanda (verulegur kostnaður

samkvæmt gamla fyrirkomulaginu). Afleiðingarnar voru afgerandi, á haustönn var FÁ með yfir 300 nemendur í fjarnámi (ATH. endalaus vafi ríkir á því hvort verið sé að tala um skráningar eða fjölda nemenda, sé einn nemandi til dæmis skráður í mörg fög hjá mörgum skólum er hægt að telja hann aftur og aftur) sem er um 100% aukning frá síðasta ári. Reiknar Steinunn með að á vorönn fækki nokkuð en verði þó vel á annað hundrað grunnskólanemendur í fjarnámi. Á meðan hefur FB hætt að bjóða upp á sitt framhaldsskólaprógram, sem var staðnám samkvæmt gamla kerfinu, þar sem 0 nemendur sóttu um. FÁ er hæst ánægður með hvernig til hefur tekist og borgin að sögn líka. Einnig má búast við að grunnskólar og forráðamenn séu hæst ánægðir með þetta nýja fyrirkomulag þar sem bestu nemendurnir, sem oft eru hryggsúlan í námi og félagslífi skólanna, halda kyrru fyrir og ljúka 10. bekk í stað þess að fara fyrr upp í framhaldsskólann. Vekur þetta óneitanlega upp þær spurningar hvort hefðbundið og staðbundið nám sé á undanhaldi.

Aðeins einn skóli á höfuðborgarsvæðinu virðist standa FÁ á sporði hvað varðar fjölda grunnskólanemenda í framhaldsskólanámi, allir aðrir ná vart 100 nemendum á ársvísu. Er þar um að ræða Menntaskólann í Kópavogi sem hefur undanfarin ár verið með u.þ.b. 300 grunnskólanemendur í framhaldsskólanámi (skv. Steinunni). MK hefur mikla sérstöðu að því leyti að hann fær um 40% þessara nemenda inn sem nýnema að hausti, sem er samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum algert einsdæmi. Fróðlegt væri að kanna nánar hvað veldur þessu.

Athyglisvert er að viðmælendur er einróma um það að þeir nemendur sem ljúka einingum á framhaldsskólastigi séu sannarlega úrvalshópur og rjóminn af nemendahópnum. Bent hefur verið á að sumir eigi sín uppáhaldsfög sem þeir taka 103 áfanga í, (einkum og sér í lagi Enska 103) en séu svo aðeins miðlungs í öðrum fögum. Í þessu samhengi má benda á að vissulega er ENS103 langvinsælasti framhaldsáfanginn auk þess sem *sjaldgæft er að nemendur séu að ljúka mörgum framhaldsskólaáföngum samtímis*. Þessi margumræddi hópur er því vissulega til en virðist í raun fremur lítill og falla alfarið í skuggann af hinum hópnum sem skarar fram úr námslega og yfirleitt einnig félagslega. Einnig gera margir grunnskólar miklar kröfur til þeirra nemenda sem „fá“ að taka framhaldsáfanga og er yfirleitt ekki nóg að vera aðeins góður í einni grein.

Því teljum við full ljóst að þessi títtnefndi hópur nemenda sé afar eftirsóknarverður fyrir framhaldsskólana og því nauðsynlegt fyrir metnaðarfulla framhaldsskóla að huga að leiðum til að ná til þeirra.

## Nytsemi framhaldsskólaeininga fyrir grunnskólanemendur

Fróðlegt er að sjá að svo virðist sem þeir nemendur sem skara fram úr námslega og hafa lokið verulegum fjölda framhaldsskólaeininga virðast ekki endilega velja sér skóla þar sem þessar einingar fást fyllilega metnar. Af nemendum Garðaskóla t.d. er aðeins takmarkaður fjöldi sem skilar sér í FG sem þó metur þetta nám til fulls. Fjölmargir fara í MR og Verzlunarskólann sem meta aðeins að takmörkuðu leyti þær einingar sem lokið er í Garðaskóla. Tilhneigingin til að sækja út fyrir sína heimabyggð virðist vera sterk, sérstaklega meðal sterkari nemendanna. Sem dæmi má nefna að í Grindavík og Garði lögðu flestir af bestu nemendum mikið á sig til að komast inn í MR og MH meðan miðlungshópurinn fór „bara“ í FS.

Eftir talsverða eftirgrennslan virðist það vera ljóst að fjölmargir þeirra nemenda sem ljúka framhaldsskólaeiningum nýta sér það ekki þegar í framhaldsskólana er komið. Miðað við tölur frá menntamálaráðuneytinu (sem passa þokkalega við tölur skólanna) um fjölda nemenda í framhaldsskólaáföngum ættu ríflega þúsund grunnskólanemendur á hverju ári að fá metið nám inn framhaldsskólana. Miðað við þau svör sem bárust eru vart mikið fleiri en 500 sem í raun óska eftir að fá slíkt nám metið. Viðmælendur í MR og Verzló eru sammála um að þeirra nemendur séu ekki endilega að nýta sér þær einingar sem þeir hafa lokið, þeir vilja frekar fylgja bekknum í tímana í stað þess að fá göt í töfluna. Báðir þessir skólar eru afar vinsælir og því líklegt að þeir séu að fá talsvert af þessum margumrædda úrvalshópi, sem eru greinilega ekki endilega að hugsa um að flýta sér í gegnum framhaldsskólann.

Spyrja má hvað það sé sem nemendurnir eru í raun að sækjast eftir. Vitað er að félagslíf hefur alltaf töluvert um það að segja hvaða skóla nemendur velja. Eins má segja um ímynd skólanna. MR og VÍ hafa til dæmis mjög jákvæða ímynd í hugum nemenda og jafnvel almennings og eru því eftirsóttir skólar. Hvort þeir nemendur skari síðan frekar fram úr eftir stúdentspróf er svo önnur saga.

Í viðauka skýrslunnar er að finna excel-skjal þar sem tekin er saman óformleg tölfræði yfir fjölda grunnskólanemenda í framhaldsskólanámi eftir skólum.

## **Fjarnám**

Fjarnám hefur verið stundað um þónokkur ár í nokkrum framhaldsskólum á landinu. Sá sem hefur hvað lengst stundað þetta er Verkmenntaskólinn á Akureyri og hefur nám þar staðið til boða nemendum hvaðanæva að af landinu. Þegar litið er síðan á tímamótasamning FÁ við Reykjavíkurborg og þess að Verzlunarskólinn hefur alfarið lagt staðnám til hliðar í tengslum við kvöldskóla/öldungadeild og sett alla sína krafta í fjarnám er ljóst að fjarnám er í mikilli sókn. Hins vegar bendir Kristín hjá MH á að það sé nú þegar orðið verulegt mál að útskrifa nemendur þar sem þeir eru að taka áfanga hingað og þangað hjá hinum og þessum skólum og púsla saman í 140 einingar til stúdentprófs. Starfsmenn MH lenda svo í því að þurfa að sannreyna allar þessar fjarnámseiningar og gæta þess að öll skilyrði séu uppfyllt til stúdentprófs.

Með hliðsjón til nýrra laga virðist raunveruleikinn þegar á hraðleið í átt til opins sveigjanlegs kerfis þar sem nemendur geta í raun séð sjálfir um að púsla saman stúdentprófi, að minnsta kosti sé eitthvað að marka reynslu MH. Fjarnám er öllum opið, jafnvel grunnskólanemendum, hver og einn getur þar stundað nám eftir eigin metnaði og getu og fengið það svo metið inn síðar. Verði fjarnám grunnskólabarna gjaldfrjálst, eins og þegar er orðið í Reykjavík, má búast við því að skil milli grunnskóla og framhaldsskóla hverfi af miklu leyti af sjálfu sér. Spurningin verður þá meira um það hvort æskilegt sé að 15 ára unglingar séu komnir inn í heim hálf fullorðins fólks með þeim freistingum og hættum sem því fylgja.

## **Fjarnám og ábyrgð nemenda á eigin námi**

Eitt sem vert er að hafa í huga í tengslum við fjarnám er að það, eins og allt nám, stendur og fellur með virkni og ábyrgð nemenda sjálfra. Í fjarnámi er það einfaldlega miklu meira á þeirra herðum. Í Laugalækjarskóla hefur verið boðið upp á fjarnám fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla sem búið hafa erlendis. Þetta nám hefur verið hugsað til að mæta þörfum þeirra þar sem þessir nemendur standa oft betur að vígi í tungumálunum. Það hefur hins vegar á tíðum verið brotalöm á að nemendur standi undir þessu og jafnvel þurft að koma til utanumhald af þeim skólum þar sem nemendurnir stunda sitt hefðbundna nám. Það er einnig áhugavert að skoða að þó að fjarnám virðist vera í verulegri sókn sem námsform benda tölur Hagstofunnar til að brottfall sé mun meira en í

staðbundnu námi. Brottfall nemenda í dagskóla úr framhaldsskólum 2002-2003 var til dæmis 15% en 52,9% í fjarnámi.

## **Krílabeckirnir**

Próunarverkefnið með „krílabeckinn“ í Menntaskólanum á Akureyri virðist benda eindregið til þess að „sterkir“ krakkar í 9. bekk geti fljótt náð góðum tókum á nýjum aðstæðum. Sýnir reynslan þar að þessir krakkar ná mjög góðum árangri á framhaldsskólastiginu, bæði félags- og námslega. Alma virðist sannfærð um að þetta fyrirkomulag sé komið til að vera, árangurinn sé það góður og jákvæður.

Aðra sögu er að segja frá Verzlunarskólanum sem einnig hefur verið með hálfgerðan krílabeck í gangi. Þar er reynslan misjöfn, stúlkurnar aðlagast fljótt nýju umhverfi meðan drengirnir eiga erfiðara uppdráttar. Klara, áfangastjóri VÍ, er ekki alveg eins viss um framhaldið eins og Alma, nýr skólastjóri hefur tekið við og er stefna VÍ til endurskoðunar hvað varðar nemendur í 9. bekk. Klöru líst betur á aðra útfærslu sem reyndar er einnig til skoðunar víðar og liggur til grundvallar nálgun FÁ, það er að gefa nemendum í 9. bekk kost á að ljúka 1. ári í menntaskóla samhliða 10. bekk. Þessi nálgun hefur marga afgerandi kosti, eins og áður var rætt, og er klárlega framtíðarkandidat í þessum málaflokki.

## **Flæði á milli skólastiga**

Þrátt fyrir að ýmislegt hafi verið gert í að draga saman skólastigi þá hlýtur það óneitanlega að hamla samstarfi milli grunn- og framhaldsskóla að ekki skuli vera sami rekstraraðili eða sömu kjarasamningar. Til dæmis hefur verið gott samstarf milli leik- og grunnskólana, kannski einmitt vegna þess að þar er sami rekstraraðili og því ákveðin skipulagsmál einfaldari í framkvæmd. Hins vegar þá væri það nemendum, og reyndar kennurum líka, til mikilla hagsbóta að flæði kennara milli skólastiga væri möguleiki. Þá bærst þekking á námi nemenda á milli skólastiga, framhaldsskólakennarar væru meðvitaðri um undirbúning nemenda og grunnskólakennarar meðvitaðri um hvað býður nemendanna. Eins myndi þetta jafnvel skapa þekkingu á stöðu kennara á báðum skólastigum og styrkja samkennd þar á milli.

Kristinn Breiðfjörð minntist á áhugaverðan þátt í vinnu skóla almennt og það var að mikið samstarf hefur átt sér stað meðal grunnskólanna en í framhaldsskólunum væri samkeppni í stað samvinnu milli skólanna. Hans reynsla frá Englandi var sú að þar væru skólar að færa sig frá samkeppninni í átt til meiri samvinnu. Eins nefndu bæði Krístrún Guðjónsdóttir og Hafdís Sigurgeirsdóttir að samstarf hefði átt sér stað meðal námsráðgjafa, bæði í grunn- og framhaldsskólum. Einn hefur félag enskukennara staðið fyrir hugmyndafundum síðustu ár (Swapshop) þar sem kennarar ýmissa skóla bæði af grunn- og framhaldsskólunum hafa hist og borið saman bækur sínar. Það er því alveg spurning hvort ekki geti átt sér stað ákveðið samstarf meðal kennara þó svo að skólarnir sem slíkir gætu verið í samkeppni sín á milli um nemendur.

Eitt sem kom fram í viðræðum við skólana um skil milli skólastiga og styður þá breytingu sem orðið hefur innan MS um fall nemenda (færst frá 1. ári yfir á 2. ár) er að hugsanlegt sé að skörun námsefnis sé orðin það mikil að „gjáin“ sem hefur verið á milli skólastiga hafi færst til skilanna á milli fyrsta og annars námsárs í framhaldsskóla.

## Niðurstöður

Eftir að rætt hefur við fjöldann allan af stjórnendum virðist óhætt að draga eftirfarandi ályktanir:

1. Skil milli grunn- og framhaldsskóla eru þegar orðin afar óljós og mun sú þróun ágerast fremur en hitt.
2. Fjöldi þeirra grunnskólanemenda sem sækir nám á framhaldsskólastigi hefur vaxið og mun vaxa enn frekar með tilkomu aðgengilegs og gjaldfrjáls fjarkennslukerfis.
3. Grunnskólarnir gera kröfur til þeirra sem „fá“ að taka framhaldsskólaáfangar, þetta eru upp til hópa úrvals nemendur, félagslega ekki síður en námslega.
4. Ekki er ljóst hvort þessi þróun sé að leiða til þess að þeir nemendur sem ljúka einingum í grunnskóla ljúki stúdentsprófi fyrr en ella. Margir aðrir þættir virðast hafa mikil áhrif.
5. Þeir grunnskólanemendur sem ljúka einingum á framhaldsskólastigi virðast ekki sækjast sérstaklega eftir að fá þær að fullu metnar, bekkjaskólar (eða bekkir í blönduðu kerfi) eru vinsælli en áfangaskólar

6. Þeir skólar sem vilja laða til sín hinn margumrædda úrvalshóp nemenda (sem í raun er að ljúka grunnskólanum á 9 árum) munu þurfa að „poppa upp“ ímynd sína ekki síður en að bjóða upp á sveigjanlegt nám.
7. Miðað við reynslu MH, FÁ og VÍ eru líkur á því að nám á til stúdentsprófs verði í sífellt meira mæli óstaðbundið með ýmsum ófyrirsjáanlegum afleiðingum.
8. Krílabekkir eru ekki líkleg framtíðarlausn. Hagsmunaaðilar eru mun líklegri til að kjósa FÁ leiðina, enda líklega skynsamlegri og „diplómatískari“ leið.
9. Nauðsyn er á aukinni samvinnu milli skólastiganna og jafnvel milli framhaldsskólanna sem slíkra.

## Úr framhaldskóla í háskóla

Yfirlýst stefna Menntaskólans við Sund er að undirbúa nemendur undir háskólanám. Hvað varðar þær tölur sem liggja fyrir um frammistöðu nemenda MS í háskólanámi þá virðist skólinn standa sig nokkuð vel. „ Þeir nemendur sem ljúka námi í MS (rúm 50% þess hóps sem skoðaður er í skýrslunni) eru yfirleitt ánægðir með námið og fara um 80% þeirra í frekara nám" (Sigrún Fjóla Hilmarsdóttir, 1996). Því er það ljóst að þegar kemur að skilum á milli framhalds- og háskóla er best að skoða hvernig nemendum er mætt þau fjögur ár sem þeir eru við skólann. Þessi skil er nefnilega mun meir á höndum nemenda sjálfra en neðri skilin. Þroski nemenda er meiri og sýn þeirra á hvað taki við oft betri og vilji til náms meiri, ef vel hefur verið að verki staðið.

Fagstjórar í hverju fagi þurfa auðvitað að tryggja að eðlileg tengsl séu á milli hvernig brautar MS og náms í háskóla. Því er það vel að nokkrir kennarar skólans hafa reynslu af kennslu á þessum tveimur skólastigum. Gallinn felst hins vegar í því að háskólinn hefur ekki viljað gefa beint út hvað þeir vilji að nemendum sé kennt í framhaldsskólunum. Svo vitnað sé í orð Jóns Torfa Jónssonar á starfsfundi í Bláa Lóninu haustið 2007 þá vilja háskólarnir að kennarar í framhaldsskólum: „kenni allt sem við ætlum ekki að kenna." Þó má vissulega finna upplýsingar um brautir háskólanna og hvaða kröfur liggja til grundvallar samþykkt eða höfnun á nemendum inn á þær. Töflur með þessum upplýsingum auk þess hvað talið sé æskilegt má sjá í viðaukanum aftast í skýrslunni.

Í raun getur verið afar erfitt að henda beint reiður á hvernig gera mætti skilin auðveldari nema með markvissri kennslu í áttina að því námi sem nemendur ætla sér að stunda. Þar er hins vegar pottur brotinn. Í rannsókn sem Friðrik H. Jónsson gerði um námsgengi og fráhrarf í Háskóla Íslands kemur fram að nemendur ákveða hvað þeir ætla í í háskóla mjög seint. Í kringum 12% nemenda ákveða neðar en 3. árs nemendur. Yfir 50% ákveða ekki fyrr en eftir framhaldsskóla (sjá Friðrik 1989) og eru þessar tölur í samræmi við nýlega könnun námsráðgjafa skólans á því hvert nemendur í 4. bekk ætluðu eftir stúdentspróf en þar kom fram að einungis 2-3 í hverjum bekk voru búnir að ákveða sig. Því má í raun spyrja hversu vel framhaldsskólanámið nýtist nemendum ef þeir vita ekki hvert þeir eru að fara.

Þetta síðastnefnda atriði er einmitt minnst á í skýrslu starfsnámsnefndar um nýjan framhaldsskóla en þar segir:



Lykillinn að velgengni Nýs framhaldsskóla verða tengslin við þá aðila sem taka við nemendum sem hann brautskráir. ... Hins vegar er tengslum háskóla og framhaldsskóla mjög ábótavant. Nýjum framhaldsskóla er ætlað að hafa frelsi til athafna og ákvörðunar og er því gert ráð fyrir öflugri og frjórri þróun viðtökumiðaðs náms. Starfsnámsnefnd leggur til að framhaldsskólar og háskólar taki upp formlegt samstarf um viðtökumiðað nám og samfellu milli skólastiganna. Líklegt er að slíkt samstarf leiði af sér betur undirbúna nemendur fyrir tiltekið háskólanám. (bls. 16)

Þegar litið er til þess að nemendur fara í HÍ aðallega vegna áhuga á náminu eða fræðunum og til að takast á við krefjandi verkefni og sem möguleika til áhugaverðs starfs er ljóst að því betri og markvissari undirbúning sem þeir hafa, því betra.

Kannski mætti hugsa sér að setja upp „skyldu” –valfag fyrir útskriftarnemendur með útskriftarmiðaðri vinnu, háskólakynningum, sjálfsskoðun og fl.

Það sem liggur alveg ljóst fyrir er að sennilega er ein besta leiðin að því að bæta skil framhalds- og háskóla að gera nám nemenda í framhaldsskóla stefnumiðaðra.

Þegar litið er til þessara þátta og þeirra auknu greininga sem fylgja nemendum úr grunnskólunum yfir í framhaldsskólana má segja að ráðgjöf skólans gegni mikilvægu lykilhlutverki á skilum milli skólastiga. Því þarf að vera tryggt að hún sé til staðar ýmist í kerfinu sem slíku eða utan þess.

## **Niðurstöður**

1. MS virðist skila af sér góðum hópi nemenda til náms á háskólastigi.
2. Formlegt samstarf framhaldsskóla og háskóla þarf að eiga sér stað þannig að nám nemenda verði viðtökumiðaðra og þ.a.l. stefnumiðaðra.
3. Tryggja þarf góðan stuðning við nemendur í námi, bæði til að styðja við nemendur náms- og félagslega en einnig til að tryggja að nám nemenda sé á réttu sviði út frá áhuga og getu nemenda.

## Spurning um stuðning – spurning um kerfi?

*„Grunnskólinn á að laga sig að nemendum og veita þeim þjónustu en í framhaldsskólunum virðist þetta vera alveg öfugt, að börnin eiga að passa í skólann.“*

*Kristinn Breiðfjörð*

Eitt af því sem kom sterkt fram í viðræðum við grunnskólana var spurning um stuðning. Mikil krafa er gerð til grunnskólana um að veita nemendum allan mögulegan stuðning, bæði félagslegan og námslegan, sem kemur að miklu leyti til vegna skóla án aðgreiningar, þ.e.a.s. allir nemendur eiga að geta stundað nám á eigin forsendum. Hvort þetta er í raun raunhæft skal ósagt látið en krafan er til staðar. Námsráðgjafi, námsver, stuðningur í bekk, stuðningsfulltrúar, skólasálfræðingar, starfsnám, fjarkennsla, Olympíustærðfræði og bráðger börn eru allt dæmi um leiðir sem farnar hafa verið til að mæta bæði slökum og afburðanemendum. Innan Háskóla Íslands er síðan að finna náms- og starfsráðgjöf eins og innan framhaldsskólanna. Ljóst er hins vegar að sé mið tekið af reynslu grunnskólanna að þörfin hefur aukist töluvert hin síðari ár og kemur til með að halda áfram að aukast að einhverju leyti alla vega.

Þegar því velt er fyrir sér hvernig hægt sé best að styðja við nemendur MS og þannig tryggja það að skólinn haldi áfram að vera góður og traustur undirbúningur undir háskólanám kemur óneitanlega upp í hugann spurning um kerfi. Eins og kom fram að einhverju leyti í umfjöllun um skil grunn- og framhaldsskóla þá býður hefðbundið bekkjarkerfi ekki upp á sama sveigjanleika og áfangakerfi. Það virðist þó ekki hafa verið nemendum endilega til trafala. Aftur á móti má alveg velja því fyrir sér hvort áfangakerfi sé ekki hentugra þegar kemur að skilum á milli skólastiga. Í raun virðist nefnilega stefnan vera sú að æ fleiri bekkjarskólar hafa snúið sér eða séu að hugsa um að snúa sér að áfangakerfi í stað bekkjarkerfis.

Það sem skiptir þó öllu máli er að það sem við veljum tryggi nemendum okkar nám við hæfi (einstaklingsmiðað nám) sem ef til vill er mesti og besti stuðningur okkar við þá.

Til að skoða þetta á sem heildstæðastan hátt verður litið á mögulegan stuðning á tvennan hátt, innan bekkjarkerfis og innan áfangakerfis.

### **Bekkjarkerfi.**

Eftir að hverfaskiptingin fyrir framhaldsskólastigið var niðurlögð, má segja að skólarnir séu að keppa á “frjálsum (frjálssari) markaði um nemendur. Ef bekkjarkerfið er það kerfi, sem á að vera hér til framtíðar. Þá er það kerfi sem hefur lítinn sveigjanleika. Þá mætti setja upp hlekki í bekkjarkerfisanda á skilum grunnskóla og framhaldsskóla.

1. Setja upp bekk fyrir bráðgera nemendur ( 14 ára). Sjá MR, VÍ og MA. Veiða þannig inn hóp góðra nemenda og gefa þeim kost á að ljúka stúdentsprófi 19 ára. Flýtt þannig námi ákveðins hóps nemenda. (Fljótand skil milli skólastiga).
2. Setja upp bekk/i fyrr nemendur sem þurfa að styrkja stöðu sína fyrir framhaldsskólanám og mýkja þannig lendingu sumra nemenda inn í skólann. Í stað þess að taka þá beint inn í hraðferðarnám í öllum greinum, eins og nú er gert. Það væri mikill styrkur að hafa slíkan farveg fyrir nemendur skólans. Í stað þess að búa strax til fall og brottfallsnemendur á fyrsta ári. Jafnvel strax eftir 1-2 mánaða nám þá er hægt að sjá hverjir eru að stefna í óefni (fall). Jafnvel væri hægt að bjóða nemendum inngöngu inn í almenna braut um áramót ef sýnt er að viðkomandi valdi ekki hraðferðarnámi, eins og því sem er í boði hér í MS. Þannig mætti gefa nemendum kost á að ljúka námi hér á 5 árum.(Fljótandi skil milli skólastiga).
3. Einnig væri hægt að vera með fornámsbekk þ.e. nemendur sem þurfa að endurtaka að miklum hluta grunnskólanámsefnið sitt. Þar sem hægt væri að bjóða upp á blöndu af bóklegu og verklegu námi ásamt stuðningi og ráðgjöf.
4. Hlúa eins vel og hægt er að þeim 100 nemendum skólans sem eru með greiningu við ýmsum sértækum námsörðugleikum.

Þannig væri hægt að styrkja bekkjarkerfið í sessi og nemendur skólans fengju þannig nám við hæfi þ.e. einstaklingsmiðað nám.

### **Áfangakerfi.**

Kostir áfangakerfisins eru þeir að sveigjanleiki kerfisins þýðir mikill stuðningur við nemendur.

1. Mjög auðvelt er að hafa skilin milli grunnskóla og framhaldsskóla og skilin milli framhaldsskóla og háskóla fljótandi. Þannig að nemendi sem er búinn með t.d. 6-9 einingar í framhaldsskóla fái heillega stundaskrá.

Það eina sem slíkur nemendi mundi græða á því að koma í MS er götött stundatafla, en ekki styttri námstími. Hægt er að taka inn bæði hraðferðarfólk, hægferðarfólk og jafnvel 0-áfanga. Þannig að námið yrði einstaklingsmiðaðra. Þ.e. Nám við hæfi hvers nemenda

2. Á hverri önn er hægt að stilla upp nýrri stundaskrá fyrir hvern nemenda fyrir sig á hverri önn fyrir sig. Vont er í bekkjarkerfi þegar 13 nemendur í bekknum eru “fallnir” um jól og eiga svo að byrja ferskir á nýju ári eins og ekkert sé.
3. Hægt er að stýra hraða hvers nemenda fyrir sig og hægt er að ljúka stúdentsprófi á 2-6 árum. Meðaltími fyrir stúdentspróf er 4,5 ár í MH.
4. Fljótandi skil milli skólastiga eru mjög eðlileg í áfangakerfi. Auðvelt er að taka inn nemendur sem eru á eftir eða undan í námi. Einnig er auðvelt að útskrifa nemendur hvort sem þeir eru á undan eða eftir í námi. Áfangakerfið útskrifar og innritar í skólann tvísvör á ári um jól og vor, sem er mikil hagræðing og sparnaður.
5. Fall er per einingu/áfanga en ekki per ár eins og í bekkjarkerfi og fer því mýkri höndum um nemendur og ekki eru teknar af þeim staðnar einingar. Þó er hægt að falla á önn minna en 9 einingar staðnar.

## Ráðgjöf.

Fagleg viðmið Félags Íslenskra Námsráðgjafa er einn ráðgjafi á hverja 300 nemendur. Sem þýðir að í skóla eins og MS ættu að vera 2,5 staða í ráðgjöfinni. Mikið reynir á ráðgjöfina á skilum á milli skólakerfa. Nýnemar sem vilja komast inn í skólann og stuðningur við þá á fyrsta námsári og stuðningur við nemendur sem vilja komast út úr skólanum (útskrifast), og ráðgjöf við þá er stærsti þáttur í starfi ráðgjafanna. Ráðgjöf er lykilþáttur í stuðningi við nemendur á skilum skólakerfa. Er ég að fara inn á rétta braut í MS? Er ég að velja mér rétt fag í Háskóla. Og þegar inn í MS kemur breiður hópur nemenda reynir mikið á ráðgjöf skólans. Segja má að eftir 10 ára grunnskólanám ætti nemandinn að vita hvert er hans áhugasvið og styrkleikar. Þannig að efla þarf ráðgjöf í grunnskólanum einnig eða vinna það í beinni samvinnu á milli skólastiga þannig að framhaldsskólanámið nýtist sem best. 2-3 nemendur í hverjum 4. bekk sem er búin að velja hvað þeir vilja læra eftir stúdentspróf er sorgleg niðurstaða sem vekur upp spurningar um hversu miklu betur nemendur okkar væru undirbúnir undir háskólanám ef stefnan væri markvissari. Við þurfum eftir 10-14 ára nám og kennslu að vera búin að kenna nemendum okkar það mikið í sjálfsskoðun að þeir viti hverjir þeir eru og hvert þeir stefna í lífinu. Efla þyrfti lífsleikni, sérvalfag fyrir stúdentsefni, þar sem lögð væri áhersla á ráðgjöf, sjálfsskoðun og kynningu á möguleikum til náms að loknum framhaldsskóla.

Auk þess sem að framan greinir er nauðsynlegt að huga að þeim þorra nemenda sem hefur ýmiss konar greiningar á bakinu. Stundum fá þessir nemendur aðstoð og stundum ekki og svo náttúrulega mismikla eftir skólum og greiningum. Eins eru kennarar misvel í stakk búnir til að mæta þessu aukna álagi í kennslu. Í grunnskólunum hefur fylgt hluta þessara nemenda ákveðið gjald til að greiða fyrir stuðning. Spurning hvort það myndi hjálpa til við að veita þessum nemendum meiri aðstoð. Það myndi hugsanlega einnig auka möguleikann á því að upplýsingar um greiningar bærust þar sem fólk sæi sér hag í því fyrir börnin sín frekar en að sleppa því frekar og bíða og sjá hvort nemandinn spjari sig ekki án hjálpar. Því hugsanlegt er að sumir líti á greiningu sem möguleika á hindrun fyrir því að nemandinn sé tekinn inn í þann skóla sem hann sækir um í.

Gera þarf ráðgjöfina heildstæðari, sterkari og þverfaglegri. T.d. einn námsráðgjafi, einn félagsráðgjafi, 1/2 staða sálfræðingur og 1/2 staða hjúkrunarfræðings.

## **Lokaorð.**

Allar þær breytingar sem orðið hafa á íslenska skólakerfinu á síðastliðnum tveimur áratugum sýna það og sanna að breytinga er þörf. Þær eru hafnar að hluta hvað varðar skil á milli skólastiga eins og þessi skýrsla sýnir fram á. Hins vegar þá er það berlega ljóst að skólar standa misvel hvað varðar möguleikana til að mæta nemendum sem eru á undan að einhverju leyti eða á eftir. Fljótandi skil milli skólastiga er krafa dagsins í dag og morgundagsins. Bæði milli grunnskóla og framhaldsskóla og framhaldsskóla og háskóla. Bekkjarkerfið á mjög erfitt með að koma á móts við þessa ósk nútímans um þróun mismunandi námshraða og námstíma nemenda. Þetta vekur eðlilega upp spurningar um hver sé framtíð bekkjarkerfisins í MS. Þrátt fyrir að það hafi ekki endilega sýnt sig að nemendur kjósi heldur að fara í áfangakerfi heldur en bekkjarkerfi ef þeir hafa lokið framhaldsskólæiningum í grunnskóla þá er spurningunni ósvarað hvort þeir séu að velja sér „skóla“, „kerfi“ eða jafnvel ímynd. Hvernig gengur MS. best á vit nýrra tíma í sífellt flóknari og sundurgreinandi samfélagi nútímans. Hver sem svörin verða er ljóst að í umræðu þessari verður að hafa efst í huga hagsmuni og velferð okkar nemenda. Mesti stuðningurinn við nemendur okkar er auðvitað sá að þeir séu í námi við hæfi. Námi sem passar þeirra áhugasviði og getu sem allra best hverju sinni og sem undirbýr þá undir það sem koma skal.

## Heimildaskrá

Friðrik H. Jónsson (1989). *Námsgengi og fráhvarf í Háskóla Íslands : könnun*. Reykjavík : Háskóli Íslands.

Hagstofa Íslands (2004), 3-18. ágúst 2004. Brottfall nemenda úr framhaldsskólum 2002-2003. Hagtíðindi: Skólamál.

Háskóli Íslands (1994). *Háskóli Íslands: Stefna og framtíðarsýn. Skýrsla þróunarnefndar Háskóla Íslands*. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Háskóli Íslands. Heimasíða: <http://www.hi.is>

Háskólinn í Reykjavík. Heimasíða: <http://www.hr.is>

Jón Torfi Jónasson. (2001) Þróun íslenska skólakerfisins. *Safn greina og bókarkafla frá árunum 1990-1991 um menntamál, einkum um þróun íslenska skólakerfisins*. (bls. 8-20). Reykjavík: Jón Torfi Jónasson (Endurprentað úr Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, (Ritstj.). (1996) *Margt er um að velja. Starfsfræði handa efstu bekkjum grunnskóla*. (bls. 63-75). Reykjavík: Námsgagnastofnun).

Jón Torfi Jónasson. (2001) Þjóðsögur úr skólakerfinu. *Safn greina og bókarkafla frá árunum 1990-1991 um menntamál, einkum um þróun íslenska skólakerfisins*. (bls. 50-78). (Endurprentað úr *Íslensk félagsrit*, 7-8. (bls. 41-69)).

Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn : rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms*. Reykjavík : Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.

Menntamálaráðuneytið (2006). *Nýr framhaldsskóli. Skýrsla starfsnámsnefndar*. Reykjavík: Menntamálaráðuneyti. Skoðað á heimasíðu menntamálaráðuneytis 19. janúar 2008 á <http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/starfsnamsnefnd.pdf>

Sigrún Fjóla Hilmarsdóttir f 1971: *Árangur í námi : námsferill þeirra sem innritaðir voru í Menntaskólann við Sund haustið 1988 / Sigrún Fjóla Hilmarsdóttir, Anna Margrét Rögnvaldsdóttir*. - Reykjavík : Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild, 1996. - 47, 12 s. : 30 sm. - (Háskóli Íslands. Félagsvísindadeild ; 1068) [373.18021 Sig]

Auk þess viðtöl við eftirfarandi skóla:

*Borgarholtsskóli (Hrönn Hilmarsdóttir, áfangastjóri)*

*Fjölbrautaskólinn í Garðabæ (Elísabet Siemsen, áfangastjóri)*

*Fjölbrautaskólinn í Breiðholti (Stefán Andrússon, áfangastjóri)*

*Fjölbrautaskólinn við Ármúla (Steinunn H. Hafstað, fjarnámsstjóri)*

*Flensborgarskólinn (Torfi Kristinsson, áfangastjóri)*

*Foldaskóli (Kristinn Guðmundsson Breiðfjörð, skólastjóri; Kristrún Guðjónsdóttir, deildarstjóri unglingsstígs; Hafdís Sigurgeirsdóttir, deildarstjóri sérkennslu og Kristín Helgadóttir, námsráðgjafi)*

*Garðaskóli (Pröstur Árnason, skólastjóri)*

*Menntaskólinn á Akureyri (Alma Oddgeirsdóttir, brautarstjóri)*

*Menntaskólinn í Kópavogi (Steinunn I. Óttarsdóttir, áfangastjóri)*

*Menntaskólinn í Reykjavík (Ólöf Erna Leifsdóttir, kennslustjóri)*

*Menntaskólinn við Hamrahlíð (Kristín Guðmundsdóttir, áfangastjóri)*

*Verslunarskólinn (Klara Hjálmtýsdóttir, áfangastjóri)*

*Vogaskóli (Jónína Emilsdóttir, skólastjóri)*

*Einnig Menntamálaráðuneytið (Sigurður Davíðsson og Sigríður L. Ásbergisdóttir)*

# Viðaukar

## Námskröfur í deildir og skor Háskóla Íslands

Deildir	Skor	Krafa	Æskilegt
Félagsvísindadeild		Stúdentspróf	
Guðfræðideild		Stúdentspróf	
Hjúkrunarfræðideild		Stúdentspróf af bóknáms- eða sjúkraliðabraut: Auk þess: Efnafraði 103 og 203 15 ein. í íslensku 6 ein. í stærðfræði 9 ein. í ensku	Félags- og sálarfræði, líffræði, lífeðlisfræði, efnafraði. Enska umfram 9 ein.
Hugvísindadeild	Enska	Stúdentspróf	18-20 ein. í ensku
	Franska	Stúdentspróf í frönsku	
	Spænska	Stúdentspróf í spænsku	
	Ítalska	Stúdentspróf	
Lagadeild		Stúdentspróf	
Lyfjafræðideild		Stúdentspróf af bóknámsbraut	Stúdentspróf af náttúrufræðibraut: efnafraðikjörsvið Efnafraði, stærðfræði, líffræði, eðlisfræði
Læknadeild	Læknisfræði og sjúkráþjálfun	Stúdentspróf af bóknámsbraut Áfangar til grundvallar inntökuprófi: Eðlisfræði, EÐL 103, 203 Efnafraði, EFN 103, 203, 303, 313 Enska, ENS 103, 203, 303, 403 Félagsfræði, FÉL 103 Íslenska, ÍSL 102, 202, 212, 303, 403, 503 Náttúruvísindi, NÁT 103, 113, 123 Líffræði, LÍF 103, 203 Saga, SAG 103, 203 Stærðfræði, STÆ 103, 203, 303, 403, 503 Tölfræði, STÆ 313 Sálarfræði, SÁL 103	
	Geisla- og lífefnafraðiskor	Stúdentspróf Vægi prófgreina í samkeppnisprófi við lok 1. annar: Líffærafræði 4e Lífeðlis- og eðlisfræði 5e Lífefnafraði 2e Geislaeðlisfræði 4e Efnafraði 6e	
Raunvísindadeild		Stúdentspróf: Stærðfræði 21 ein. Raungreinar samtals 30 ein. og þar af minnst 6 ein. í eðlisfræði, 6 ein. í efnafraði og 6 ein. í líffræði	
	Landfræði og ferðamálafræði	Stúdentspróf	
Tannlæknadeild		Stúdentspróf af bóknámsbraut	



Verkfræðideild	Verkfræði	Stúdentspróf Stærðfræði minnst 24 ein. Náttúrufræðigreinar 30 ein. og þar af eðlisfræði minnst 6 ein.	Haldgóð þekking í stærðfræði, raungreinum, íslensku og ensku
	Tölvunarfræði	Stúdentspróf Stærðfræði minnst 21 ein. og þar af 103-503 auk einhverra þessara áfanga: 313, 413, 513, 523, 603 og 703	Haldgóð þekking í stærðfræði, raungreinum, íslensku og ensku
Viðskipta- og hagfræðideild	BA nám	Stúdentspróf af bóknámsbraut Stærðfræði minnst 15 ein.	Góður grunnur í íslensku, ensku og stærðfræði
	BS nám	Stúdentspróf af bóknámsbraut Stærðfræði minnst 21 ein.	Góður grunnur í íslensku, ensku og stærðfræði
	Viðskiptafræði	Stúdentspróf af bóknámsbraut Stærðfræði minnst 12 ein.	Góður grunnur í íslensku, ensku og stærðfræði

#### Námskröfur í deildir Háskólans í Reykjavík

Deildir	Krafa	Æskilegt
Frumgreinasvið	Engin. Er í raun undirbúningur undir brautir HR og er hugsað fyrir iðnaðarmenn og aðra úr atvinnulífinu til að bæta við sig menntun. Eins fyrir þá nemendur sem þurfa að bæta við sig námi í stærðfræði og raungreinum.	
Verkfræði	Stúdentspróf Haldgóð þekking í stærðfræði, raungreinum, íslensku og ensku	Stærðfræði 21 ein. Eðlisfræði 6 ein.
Viðskiptafræði	Stúdentspróf	Sum námskeið fara fram á ensku og eru sum verkefni og próf á því máli.
Lagadeild	Stúdentspróf	
Tölvunarfræði	Stúdentspróf	

# Fjöldi grunnskólanemenda í framhaldsskólaáföngum

Borgarholt	<a href="mailto:hronnhil@bhs.is">hronnhil@bhs.is</a>
Ármúli	<a href="mailto:steinunn@fa.is">steinunn@fa.is</a>
MK	hk@mk.is
Breiðholt	<a href="mailto:stand@fb.is">stand@fb.is</a>
Flensborg	torfik@flensborg.is
FG	<a href="mailto:elisabets@fg.is">elisabets@fg.is</a>
Garðaskóli	Próstur Árnason

## **Borgarholtsskóli**

Borgarholtsskóli	Heildarfjöldi	mt. á ári
Stæ103 678	37	12
Ens103 678	68	23
Félags 102 7	16	16
Málm 101 7	18	18
Málm 102 7	88	88
	<b>157</b>	

## **Menntakólinn í Kópavogi**

MK	Heildarfjöldi	mt. á ári
	300	300
* ca. 120 koma inn sem nýnemar		
		<b>300</b>

## **Flensborgarskóli**

Flensborg	Heildarfjöldi	mt. á ári
Stæ103 678	51	13
Ens103 678	122	31
Dan103 678	60	15
	<b>58</b>	

## **Fjölbautaskólinn í Breiðholti**

Flensborg	Heildarfjöldi
2005	43
2006	41
2007	38
2008	0
að meðalt.	<b>41</b>

## **Menntaskólinn í Reykjavík**

Engar tölur til  
Lítið um að nemendur biðji um að fá metið

Ekkert fjarnám eða annað fyrir  
grunnskólanemendur í boði

## **Verzlunarskóli Íslands**

Engar tölur til  
Eitthvað um að verið sé að meta inn, u.50 þó

Fjarnám í boði

## **Garðaskóli**

Flugferð fyrri 9. bekk yfir 8 í meðaleinkunn  
Yfirleitt í kringum 100 nemendur í flugferð, eru að ljúka  
103 og 203 í grunnfögum

Takmarkaður hluti fer í FG (20-30 að jafnaði)  
Miðað við einn bekk (30 nem) í hverju fagi.

### ***Fj. við Ármúla***

<b>Ármúli</b>	<b>Heildarfjöldi</b>	<b>mt. á ári</b>
Fjarnám		350
Ens103 678		
Félags 102 7		
Málm 101 7		
Málm 102 7		
		<b>350</b>

### ***Fjölbrotaskólinn í Garðabæ***

2005 Tölur liggja ekki fyrir  
2006

Elísabet giskar á að 20-50 einstaklingar séu í fjarnámi,  
ekki mjög stór hópur.

Ekki algengt að nemendur fái metnar inn einingar úr  
grunnskólum, innan við 50 á ári.

### ***Menntaskólinn við Hamrahlíð***

Engar tölur til

Eitthvað um að nemendur séu að fá metið inn líklega  
um 50

Fjarnám í boði, hefur dregist saman (líkleag vegna FÁ)